

REGLUGERÐ

um bann við togveiðum í Þverál og Kögurgrunni.

1. gr.

Frá og með kl. 20,00 23. nóvember 1983 uns annað verður ákveðið eru allar veiðar með flot- og botnvörpu bannaðar á svæði sem afmarkast af línunum milli eftirgreindra punkta:

1. 67°01'01"	22°12'16"	7. 66°46'38"	23°27'08"
2. 66°53'57"	22°39'48"	8. 66°49'15"	23°30'55"
3. 66°52'54"	22°56'47"	9. 66°47'57"	23°50'07"
4. 66°51'36"	22°55'12"	10. 66°54'33"	24°00'57"
5. 66°50'55"	23°05'36"	11. 67°00'58"	23°27'10"
6. 66°48'19"	23°02'17"	12. 66°57'01"	23°21'36"

2. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 23. nóvember 1983.

Jón B. Jónasson.

Pórður Eyþórsson.